


## 09.21.22 Eðlisfræði II R

Mánudaginn 23. ágúst 1999, kl. 9-13.


**Leyfileg hjálpargögn eru engin utan skriffæra.**

Vægi allra 10 verkefna er jafnt. Með prófinu fylgir jöfnusafn. Skrifid skýrt og greinilega allar útleiðslur með hnitmiðudum stuttum skýringum þar sem það á við.


1. Punkthleðslu er komið fyrir á einu horni rétthyrnds tenings með hliðarlengd  $L$ . Hvert er rafflæðið í gegnum hverja hlið teningsins?
2. Stöng með lengd  $L$  og einsleita línuhleðsludreifingu  $\lambda$  (C/m) liggur á  $x$ -ás hnitakerfis. Finnið rafstöðumættið við annan enda stangarinnar í fjarlægð  $y$ .




3. Holur sívalningur með lengd  $\ell$ , innri og ytri geisla  $a$  og  $b$  hefur eðlisviðnám  $\rho$ . Hvert er viðnám sívalningsins?



4. Óendanlega langur þunnur málmrenningur með breidd  $w$  ber straum  $I$ . Reiknið styrk segulsviðsins í punktinum  $P$  og finnið stefnu þess.




5. Sýnið að í  $LR$ -rás eyðist öll orkan sem geymd er í spólunni sem hitaorka í viðnáminu.



6. Beinn vír hefur lengd  $L$  og þvermál  $d$ . Viðnám hans er  $R$  og spennunumur milli endanna er  $V$ .


- Hvað tapast mikið afl vegna hitunar vísins?
- Hver er vigur Poyntings við yfirborð vísins?
- Sýnið að rafsegulaflið sem flæðir inn í vírinn sé jafnt aflinu sem breytist í varma samkvæmt lið (a).

7. Gegnheilt glerhvel með brotstuðul  $n$  hefur geisla  $R$ . Undir miðju hvelinu er hringlaga blettur.



Hvar virðist ímynd blettsins vera ef horft er á hann lóðrétt í gegnum hvelið ofan frá?

8. Viðmiðunarkerfi  $S'$  hreyfist með hraðanum  $+v$  miðað við kerfi  $S$  samsíða  $x$ -ás þess.



- (a) Stöng er kyrr í  $S'$  og myndar hornið  $\theta'$  miðað við  $x'$ -ásinn. finnið hornið  $\theta$  sem hún myndar við  $x$ -ásinn í  $S$ .
- (b) Ef eiginlengd stangarinnar er  $L_0$  hver er þá lengd hennar í  $S$ ?
9. Tvær eldflaugar nálgast hvor aðra með sama hraðanum miðað við jörðina. Hver er sá hraði ef afstæður innbyrðishraði þeirra er  $v_r$ ?
10. Rafeind með massann  $m_0$  hefur hreyfiorkuna  $E_{kin}$ .
- (a) Finnið heildarorku rafeindarinnar.
- (b) Hver er skriðþungi rafeindarinnar?
- (c) Hver er hraði hennar?